

Fimmtudaginn 22. júní 1995.

Nr. 345/1994.

Steinunn B. Garðarsdóttir

(Skúli Pálsson hrl.)

gegn

Páli Egilssyni

(Jóhannes Sigurðsson hrl.)

Skuldamál. Sönnun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma Markús Sigurbjörnsson hæstaréttardómari, Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari, og Stefán Már Stefánsson prófessor.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. ágúst 1994. Hún krefst þess, að stefnda verði gert að greiða sér 500.000 krónur með dráttarvöxtum frá 20. nóvember 1990 til greiðsludags auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

I.

Áfrýjandi heldur því fram, að hún hafi átt kröfu á hendur stefnda vegna alls starfstíma síns sem ráðskona á heimili hans, þegar hún lét af þeim störfum árið 1989, auk kröfu vegna tveggja lána, sem hún hafi veitt honum, annars vegar að fjárhæð 400.000 krónur og hins vegar 335.673 krónur. Einnig hafi stefndi átt að greiða henni fyrir tiltekin tæki, sem hún hafi skilið eftir á heimilinu þegar hún fór þaðan. Eru aðilar sammála um að telja andvirði tækjanna vera 263.560 krónur. Um fjárhæð launakröfu hefur ekkert komið fram af hálfu áfrýjanda.

Stefndi heldur því fram, að áfrýjandi hafi fengið ýmsar greiðslur fyrir ráðskonustörf sín, og styður hann þá staðhæfingu meðal annars við fram lögð gögn um skattskil aðila. Stefndi neitar þó ekki, að eitthvað hafi skort á, að áfrýjandi hafi fengið laun greidd að fullu, þegar hún lét af störfum. Í skýrslu fyrir dómi vefengdi stefndi ekki, að áfrýjandi hefði veitt sér lán, að fjárhæð 335.673 krónur, en hann hefur mótmælt því að hafa fengið fyrirnefndar 400.000 krónur að láni hjá henni. Þá hefur stefndi viðurkennt, að áfrýjandi hafi átt til-

kall til greiðslu fyrir áðurnefnd tæki, sem hafi orðið eftir hjá sér, þegar hún lét af störfum.

II.

Óumdeilt er, að stefndi greiddi áfrýjanda 1.263.560 krónur 5. júlí 1990. Stefndi heldur því fram, að þessi greiðsla hafi verið fullnaðaruppgjör á öllu því, sem hafi staðið ógreitt á milli aðilanna, og hafi áfrýjandi ákveðið fjárhæðina.

Í skýrslugjöf fyrir héraðsdómi var áfrýjandi spurð að því, fyrir hvað stefndi innti þessa greiðslu af hendi. Svaraði hún á þann veg, að hún héldi, að hann hefði verið að endurgreiða áðurgreind tvö lán, samtals að fjárhæð 735.673 krónur, og andvirði fyrrnefndra tækja.

III.

Stefndi gaf út 6. og 14. júní 1990 tvær skuldaviðurkenningar til áfrýjanda, hvora fyrir 500.000 krónum, með gjalddaga 20. júní og 20. nóvember 1990. Áfrýjandi rekur þetta mál til greiðslu samkvæmt síðari skuldaviðurkenningunni, en um skuld samkvæmt hinni fyrri höfðaði hún mál á hendur stefnda 27. september 1991, og voru kröfur hennar teknar til greina í óáfrýjuðum dómi aukadómpings Árnassýslu 22. maí 1992.

Stefndi hefur gefið þá skýringu á skuldaviðurkenningunum, að um þær mundir, sem þær voru gerðar, hafi hann og áfrýjandi ákveðið að ljúka uppgjóri sín á milli, en hann hafi ekki haft fé undir höndum til greiðslu þá þegar. Áfrýjandi hafi um líkt leyti haft hug á fasteignakaupum og ætlað að afla sér greiðslumats fyrir húsbórfaláni. Í því skyni hafi hún beðið stefnda um staðfestingu á inneign hennar, og hafi skuldaviðurkenningarnar verið gerðar til þeirra þarfa. Í framburði fyrir dómi hefur stefndi ekki hvikað frá því, að tilgangur viðurkenninganna hafi eingöngu verið þessi og að skuld samkvæmt þeim hafi að fullu verið gerð upp með fyrrnefndri greiðslu 5. júlí 1990. Stefndi kvaddst hafa leitað eftir því, að áfrýjandi afhenti sér þær að lokinni greiðslu, en því hafi hún neitað.

Áfrýjandi gaf aðilaskýrslu fyrir héraðsdómi í fyrra máli aðila. Í upphafi skýrslunnar svaraði áfrýjandi játandi spurningu um, hvort skuldaviðurkenning stefnda, sem fjallað var um í því máli, hefði verið vegna lána, sem hún veitti honum. Um það spurð, hvort viður-

kenningin væri vegna ógreiddra launa, kvaðst áfrýjandi halda, að svo væri ekki, en annars vissi hún það ekki. Síðar í skýrslunni sagði áfrýjandi, að stefndi hefði afhent sér skuldaviðurkenningarnar tvær, til þess að hún fengi lán, sem hún hefði sótt um. Spurð í framhaldi af því, hvers vegna stefndi hafi skuldað henni fjárhæðirnar, sem greindar eru í skuldaviðurkenningunum, sagðist hún ekki geta svarað því, en hann hafi þó aldrei greitt sér nein laun. Áfrýjandi neitaði því, að stefndi hefði óskað eftir að fá skuldaviðurkenningarnar í hendur í kjölfar greiðslunnar 5. júlí 1990, en hins vegar kvaðst hún myndu hafa orðið við þeirri ósk, ef stefndi hefði borið hana upp.

Í aðilaskýrslu, sem áfrýjandi gaf í héraði undir rekstri þessa máls, endurtók hún fyrri frásögn sína um, að stefndi hefði gefið út skuldaviðurkenningarnar í tengslum við lánsúmsókn hennar. Hún kvað skuld samkvæmt viðurkenningunum vera vegna ógreiddra launa og neitaði, að skuldin hefði verið gerð upp með greiðslu stefnda 5. júlí 1990.

IV.

Áfrýjandi reisir kröfur sínar í máli þessu að öllu leyti á áður-nefndri skuldaviðurkenningu, sem stefndi gaf út til hennar 14. júní 1990. Stefndi heldur því hins vegar fram, að viðurkenningin hafi aðeins verið gerð til að staðfesta inneign áfrýjanda hjá sér vegna úmsóknar hennar um húsbrefalán, og hafi sú inneign verið greidd henni að fullu í uppgjöri á milli þeirra 5. júlí 1990.

Frásögn áfrýjanda um aðdragandann að gerð skuldaviðurkenningar stefnda er ekki ljós. Hún hefur þó staðfest, að viðurkenningin hafi verið gerð í tengslum við umrædda lánsúmsókn sína. Af því, sem að framan greinir um framburð áfrýjanda fyrir dómi, er að sjá, að af hennar hálfu hefur verið mjög á reiki og óákveðið, hvor viðurkenningin hafi verið gerð fyrir einhverjum tilteknum hluta skulda stefnda við hana og þá hverjum. Greiðsla stefnda 5. júlí 1990 var innt af hendi eftir útgáfudag skuldaviðurkenningarinnar. Fjárhæð greiðslunnar samræmist ekki skýringum, sem áfrýjandi hefur gefið á því, sem að baki henni bjó. Þegar þessa er gætt, verður að leggja á áfrýjanda sönnunarbyrði fyrir því, að greiðslan á 1.263.560 krónum 5. júlí 1990 hafi ekki falið í sér fullnaðaruppgjör á milli aðila. Slík sönnun er ekki komin fram í málinu.

Samkvæmt þessu verður að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjanda dóms. Ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjandi dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Steinunn B. Garðarsdóttir, greiði stefnda, Páli Egilssyni, 125.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Suðurlands 11. maí 1994.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 14. f. m., er höfðað með stefnu, birtri 10. júní 1993, af Steinunni Björk Garðarsdóttur, kt. 090136-2919, Heimahaga 11, Selfossi, á hendur Páli Egilssyni, kt. 200344-7319, Múla, Biskupstungnahreppi, Árnassýslu.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 500.000 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 20. nóvember 1990 til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hennar að skaðlausu.

II.

Hinn 14. júní 1990 undirritaði stefndi í máli þessu svohljóðandi skuldaviðurkenningu: „Ég undirritaður Páll Egilsson, Múla, 200344-7319, geri hér með kunnugt að ég skuldi (svo) Steinunni Garðarsdóttur 500.000 – fimm hundruð þúsund – sem ég greiði henni 20. 11. 90.“

Kröfugerð stefnanda hér fyrir dómi styðst algerlega við framanritaða skuldaviðurkenningu, en stefnandi er kröfuhafi samkvæmt henni.

Á hálfu stefnda hefur verið staðfest, að hann hafi undirritað skuldaviðurkenningu þá, sem hér um ræðir. Hún sé hins vegar að fullu greidd. Vísar stefndi til þess í því sambandi, að 5. júlí 1990 hafi hann greitt stefnanda 1.263.560 krónur. Greiðsla á umræddri kröfu stefnanda hafi verið hluti af fjármálalegu heildaruppgjöri, sem fram hafi farið á milli aðila málsins hinn tilgreinda dag.

Stefnandi hefur eindregið mótmælt fullyrðingu stefnda um greiðslu hinnar umstefndu skuldar og haldið því fram, að greiðsla stefnda til stefnanda 5. júlí 1990 hafi verið skuldaviðurkenningunni algerlega óviðkomandi.

III.

Eftir því sem næst verður komist, gerðist stefnandi máls þessa ráðskona á heimili stefnda að Múla í Biskupstungum í maí árið 1986. Hvorki þá né síðar á starfstíma stefnanda hjá stefnda sömdu málsaðilar um það, hver laun stefnanda og önnur kjör skyldu vera. Er ekki um það deilt, að þá er stefnandi hætti störfum hjá stefnda, en það mun hafa verið í september 1989, stóð stefndi í skuld við hana vegna ráðskonustarfans. Þá er ljóst, að fjármálaleg samskipti málsaðila voru nokkur, er þau bjuggu að Múla, en um samskipti þessi og inntak þeirra deila aðilar í öllum meginatriðum.

Fyrir liggur, að 6. og 14. júní 1990 undirritaði stefndi tvær skuldaviðurkenningar, báðar að fjárhæð 500.000 krónur. Gjaldldagi hinnar fyrri var 20. júní 1990, en hina síðari og þá, sem hér er til umfjöllunar, skyldi hann greiða 20. nóvember sama ár. Í greinargerð stefnda er því haldið fram, að tilgangurinn með útgáfu skuldaviðurkenninganna hafi verið tvíþættur. Annars vegar hafi í útgáfu þeirra verið fólgið uppgjör á skuld stefnda við stefnanda vegna ráðskonustarfa hennar, en um fjárhæð þeirrar skuldar hafi verið samkomulag á milli aðila. Hins vegar megi rekja útgáfu skuldaviðurkenninganna til fyrirhugaðra húsnæðiskaupa stefnanda. Hafi stefnandi á þessum tíma verið að leitast við að fá greiðslumat vegna húsbrefaláns til íbúðarkaupa, og hafi hún framvísað skuldaviðurkenningunum í tengslum við það. Hefur stefnandi í öllum meginatriðum staðfest þennan skilning stefnda.

Óumdeilt er, að 5. júlí 1990 greiddi stefndi 1.263.560 krónur inn á banka-reikning í eigu stefnanda. Heldur stefndi því fram, að þar með hafi hann greitt umræddar skuldaviðurkenningar að fullu svo og 263.560 krónur vegna tækja, er stefnandi hafi keypt fyrir eigið fé, en skilið eftir að Múla. Með þessu hafi endi verið bundinn á skuldaskipti málsaðila. Þessari fullyrðingu stefnda hefur stefnandi með öllu mótmælt og haldið því fram, að framangreind greiðsla stefnda til sín hafi verið skuldaviðurkenningunum algerlega óviðkomandi. Hefur stefnandi í þessu sambandi tilgreint ákveðnar kröfur, er hún kveðst hafa átt á hendur stefnda, og með greindri innborgun hafi stefnandi verið að ljúka efndum á þeim.

Með dómi aukadómþings Árnæssýslu, upp kveðnum 22. maí 1992, var stefndi á grundvelli skuldaviðurkenningarinnar frá 6. júní 1990 dæmdur til að greiða stefnanda 500.000 krónur auk vaxta og málskostnaðar. Taldi dómurinn ósannað, að framangreindri innborgun á reikning stefnanda hefði að einhverju leyti verið ætlað að ganga til efnda á þeirri skuldaviðurkenningu, sem málsókn stefnanda byggðist á.

Stefndi hefur ekki mótmælt því, að stefnandi hafi á sínum tíma átt rétt til launa úr sinni hendi vegna starfa hennar í sína þágu. Þar sem ekki hafi verið samið um launakjör stefnanda, beri að leggja viðmiðunartaxta um laun ráðskvenna á sveitaheimilum til grundvallar við ákvörðun launa hennar. Það leiði til þess, að heildarlaun stefnanda fyrir tímabilið 15. maí 1986 til 15. september 1989 skuli nema 1.392.865 krónum. Beinlar launagreiðslur til stefnanda árin 1986, 1987 og 1988 nemi 765.505 krónum. Vísar stefndi hér að lútandi til launamiða, sem hann hefur lagt fram í málinu. Þá hafi stefndi greitt ýmsar skuldir fyrir stefnanda, samtals að fjárhæð 211.874 krónur, þar með talinn lögfræðikostnaður. Að auki hafi hann lagt 125.000 krónur inn á bankareikning hennar. Enn fremur hafi stefnandi nokkrum sinnum tekið út af bankareikningi stefnda og notað þá fjármuni, 71.820 krónur, til eigin þarfa. Loks hafi stefnandi haft tekjur vegna fæðis mjólkurbílstjóra, 251.900 krónur, og vegna sumardvalar barna, 481.314 krónur. Greiðslur, sem stefndi telur samkvæmt framansögðu, að runnið hafi frá sér til stefnanda, nemi að beinum launagreiðslum meðtöldum 1.909.413 krónum. Auk launa samkvæmt framansögðu hafi stefnandi átt kröfu á stefnda vegna eldavélar, ís-skáps og háþrýstidælu, er hún hafi keypt, en skilið eftir í Múla. Andvirði þessara tækja hafi samkvæmt mati numið 263.000 krónum. Heildarkrafa stefnanda á hendur stefnda hafi því numið 1.655.865 krónum. Samkvæmt þessu hafi stefndi í raun greitt stefnanda 253.548 krónur umfram skyldu. Engu að síður hafi stefndi viljað gera enn betur við stefnanda, og því hafi hann, eftir að stefnandi lét af störfum hjá sér, gefið út umræddar skuldaviðurkenningar. Tilgangur með útgáfu þeirra hafi verið tvíþættur, eins og áður er rakið. Með greiðslu, sem áður er tilfærð og óumdeilt er, að stefndi innti af hendi til stefnanda 5. júlí 1990, hafi hann efnt greiðsluskyldu sína samkvæmt skuldaviðurkenningunum og að auki greitt fyrir tæki þau, sem áður eru nefnd. Þar með hafi endi verið bundinn á skuldaskipti málsaðila, og frekari kröfur geti stefnandi ekki haft uppi gagnvart sér. Er það sérstaklega tekið fram af hálfu stefnda, að seinni skuldaviðurkenninguna hafi hann greitt löngu fyrir gjalddaga hennar, þar sem hann hafi viljað losna undan frekari samskiptum við stefnanda og gera algerlega hreint fyrir sínum dýrum að þessu leyti án frekari tafar.

Í skýrslu stefnanda fyrir dómi var því haldið fram, að við starfslok sín hjá stefnda hefði hún átt kröfu á hendur honum vegna launa fyrir allt það tímabil, er hún starfaði að Múla sem ráðskona. Þá hafi hún einhverju sinni lán- að stefnda 400.000 krónur og að auki greitt af eigin fé skattakröfu á hendur honum, að fjárhæð 335.000 krónur. Þessu til viðbótar tiltók stefnandi, að hún hefði átt kröfu á hendur stefnda vegna tækja, er hún hefði keypt, en

skilið eftir að Múla. Verður af framburði stefnanda ráðið, að skuldaviðurkenningar stefnda 6. og 14. júní 1990 hafi verið gefnar út vegna launaskuldar hans. Greiðsla stefnda til stefnanda 5. júlí 1990 hafi verið skuldaviðurkenningunum óviðkomandi, en með henni hafi stefndi verið að ljúka efndum á öðrum kröfum stefnanda á hendur sér.

V.

Af því, sem fram hefur komið við meðferð máls þessa hér fyrir dómi, verður ráðið, að viss fjárhagsleg samstaða hafi myndast með málsaðilum þann tíma, er stefnandi gegndi ráðskonustarfi hjá stefnda. Ekkert bendir hins vegar til þess, að stefnandi hafi í lok starfstíma síns hjá stefnda í september 1989 átt fjárkröfu á hendur honum vegna þessa.

Réttur stefnanda til launa vegna starfa hennar í þágu stefnda tímabilið 15. maí 1986 til 15. september 1989 er óumdeildur. Samkvæmt útreikningi, sem stefndi hefur lagt fram í málinu, skyldu laun stefnanda fyrir greint tímabil nema 1.392.865 krónum. Þessu hefur stefnandi ekki mótmælt. Þá hefur stefndi tekið undir kröfu stefnanda vegna kaupa hans á tækjum af stefnanda.

Óumdeilt er, að 5. júlí 1990, þremur vikum eftir undirritun þeirrar skuldaviðurkenningar sem hér er um fjallað, greiddi stefndi stefnanda 1.263.560 krónur. Þá benda málgögn mjög eindregið til þess, að stefndi hafi árin 1986 til 1988 greitt stefnanda laun vegna ráðskonustarfa hennar, sem hafi í öllu falli numið 328.945 krónum.

Þegar framanskráð er virt og litið til þeirra gagna í heild sinni, sem lögð hafa verið fram í málinu og varða fjármálalega samstöðu málsaðila, allt þar til samskiptum þeirra endanlega lauk, þykir stefndi hafa sýnt nægilega fram á það, að fjárkrafa sú, sem höfð er uppi gagnvart honum af hálfu stefnanda málsins og grundvölluð er á skuldaviðurkenningu frá 14. júní 1990, sé þegar að fullu greidd. Fær gjalddagi kröfunnar ekki breytt þessu mati dómsins, svo sem hér hagar til. Verður stefndi því sýknaður af dómkröfum stefnanda og stefnandi dæmdur til greiða honum 120.000 krónur í málskostnað.

Þorgeir Ingi Njálsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Páll Egilsson, er sýknaður af dómkröfum stefnanda, Steinunnar Bjarkar Garðarsdóttur, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda 120.000 krónur í málskostnað.